

Fundur skólaráðs fimmtudaginn 28. nóvember kl. 8.20.- 9.10

Mættir voru: Edda Lína og Helga Rut fulltrúar foreldra, Emilía Sif og Breki Rafn fulltrúar nemenda. Smári Jökull og Stella fulltrúar kennara, Elína Dóra fulltrúi starfsmanna, Kristrún fulltrúi grenndarsamfélags og Hafdís Bára skólastjóri.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2025

Fjárhagsstaða skólans var mjög góð við 6 mánaða uppgjör og er útlit fyrir að reksturinn verði innan áætlunar í árslok. Áætlun ársins 2024 var 1.044.100.00 2024 og við endurskoðun bættust við um 15. millj. Á næsta almanaksári 2025 eru áætlaðar 1.302.412.948. Þar af er launakostnaður um 885 millj. Eins og kunnugt þá er ósamið við kennara. 1. nóvember sl. tók gildi nýr samningur við félagsmenn í STAG, Starfsmannafélag Garðabæjar. Bæði er um að ræða launahækkanir og 36 klst. vinnuviku sem hefur kostnaðarauka í för með sér. Fjárhagsáætlun er lagður fram óskalisti um búnaðarkaup og ber þar hæst kaup á húsgögnum í kennslustofur og á ganga. Sama á við framkvæmdir og viðgerðir. Lagður er fram yfir nauðsynlegar framkvæmdir og ber hæst útskipti á ljósaperum úr flúrperum í Ledlýsingu á göngum, í þeim stofum sem eftir er að taka í gegn o.fl.

2. Samskiptasáttmáli og KVAN –

Stella sagði frá fundum með forráðafólki í 6. bekk. Fundurinn er skipulagður í anda Verkfærakistu KVAN og hófst á „Ísbrjótí“ eða léttum leik þar sem forráðafólk náði að spjalla saman. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og námsráðgjafi kynntu nýjan Samskiptasáttmála Garðabæjar sem kemur í stað „Gegn einelti í Garðabæ“. Í sáttmálanum er fjallað um samskipti, samskiptavanda og verklag í vinnslu samskiptamála skráð. Umsjónarkennari stýrði því næst hópvinnu þar sem fjallað var um helstu áskoranir barnanna og þau úrræði sem hópurnir sér. Að lokinni kynningu á hópvinnunni kynnti umsjónarkennari niðurstöður úr vinnu nemenda um það hvað er best við bekkinn minn og hvað þarf að laga“. Niðurstöður fundarins verða teknar saman og sendar öllu forráðafólki. Ánægja er með fundina og höfðu fulltrúar nemenda í ráðinu heyrt um leikinn og þótti gaman að.

3. Fundur nemenda með Skólamat.

Emilía Sig og Breki Rafn sögðu frá fundi skólaráðsfulltrúa og tveggja nemendafulltrúa úr 4. bekk með Jóni framkvæmdastjóra og Nínu svæðisstjóra Skólamatar. Nemendur fengu að ræða um hvaða matur er góður, hvað er ekki gott, hvað má vera sjaldnar og hvað oft. Þau höfðu áhyggjur af því að móðga fulltrúa Skólamatar en það gerðist ekki. Vel var tekið í þau atriði sem þau nefndu. Sumt er vegna eldunar og annað vegna þess að of mikið er sett í bakkana. Almennt er staðan varðandi skólamatinn góð í Hofstaðaskóla að mati þeirra Jóns og Nínu.

4. Erindi frá nemendum/foreldrum/starfsmönnum

Sagt var frá vel heppnuðu jólaföndri foreldrafélagsins sem var laugardaginn 23. nóvember. Dagskráin var vel sótt. Nú er auglýst eftir stuðningsfulltrúum.

5. Önnur mál.

a. Ráðningarmál. Fimm leiðbeinendur eru núna starfandi sem umsjónarkennarar við skólann.

b. Félagsstarf.

Útlit er fyrir að hægt verði að bjóða nemendum upp á e.k. félagsstarf á nýju ári a.m.k. 7. bekkjum. Verið er að skoða mönnun á því og aðstöðu. Félagsmiðstöðin Klakinn mun aðstoða við starfið.

c. Húsnæðismál.

Tekin verða myglusýni úr öllum skólanum 19. desember n.k. til þess að ganga úr skugga um það að tekist hafi að komast fyrir mygluna. Fyrsta áfangi í klæðningu hússins er lokið og er áætlað að því ljúki að fullu á þremur árum.

Næsti fundur ráðsins verður miðvikudaginn 15. janúar.

Fundi slitið.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir